



Öndunarfærasýkingar


Vika 45

6. – 12. nóvember 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir


COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Fjöldi staðfesta COVID-19 greininga með PCR-prófi í viku 45 voru alls 47 og hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var 19%. Er þetta svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 1).




Mynd 1. Vikulegur fjöldi COVID-19 PCR-greininga ásamt hlutfalli jákvæðra prófa á árinu 2023.

Fjöldi einstaklinga með klíniska greiningu COVID-19 í viku 45 var 43 sem er sambærilegt fjölda greininga í síðustu viku (Mynd 2).



Mynd 2. Samanburður á vikulegum fjölda PCR-greining og klínískra greininga á COVID-19.


Eins og fjallað var um í [samantekt fyrir viku 44](#) hefur tíðni COVID-19 greininga á árinu 2023 verið hæst meðal fólks 80 ára og eldri. Tíðni greininga ungs fólks hefur verið hæst meðal barna undir 6 ára aldri (Mynd 3).



Mynd 3. Tíðni PCR-greining og klínískra greininga á COVID-19 á árinu 2023 eftir aldri.

Inflúensa

Í viku 45 greindust 12 með staðfesta inflúensu (Mynd 4). Flest tilfelli eru af inflúensu týpu A. Í fyrsta sinn á þessum vetri greindist eitt tilfelli inflúensu af týpu B. Aukning virðist vera í tilfellum inflúensu þó faraldur inflúensu sé ekki hafinn. Ef horft er til fyrri ára má búast við að faraldur inflúensu hefjist á næstu vikum. Því er mikilvægt að einstaklingar í áhættuhópum þiggi bólusetningu nú samkvæmt [tilmælum](#) sóttvarnarlæknis.




Mynd 4. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í haust/vetur og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.

RSV og aðrar öndunarfæraveirur

Þrettán greindust með RS veirusýkingu (RSV) í viku 45, þar af voru fimm börn undir eins árs aldri. Svipaður fjöldi greindist með rhinoveirru (kvef) í viku 45 líkt og í undangengnum fimm vikum. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Innlagnir á sjúkrahús

Í viku 45 varð talsverð aukning á fjölda einstaklinga innliggjandi á Landspítala með öndunarfæraveirusýkingar. Flestir voru með COVID-19 eða 32. Mest varð aukning á innlögnum vegna COVID-19 í aldurs-
hópnum 65 ára og eldri. Þrír voru með RSV, allt börn undir 5 ára aldri (Mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarferasýkingar á árinu 2023. Gögn fengin frá Landspítala.

Samantekt

Tólf greindust með staðfesta inflúensu í viku 45. Aukning varð á fjölda einstaklinga inniliggjandi á Landspítala með öndunarferaveirusýkingar, flestir vegna COVID-19 eða 32. Mest aukning varð á innlögnum vegna COVID-19 í aldurshópnum 65 ára og eldri. Þrír voru inniliggjandi á Landspítala með RSV, allt börn undir 5 ára aldri. Sóttvarnalæknir hvetur fólk til að fylgja [tilmælum vegna bólusetninga](#) við öndunarferasýkingum fyrir komandi vetur.

Staðan í Evrópu

COVID-19 er áfram í dreifingu, þó í minna mæli en undanfarin ár. Aukning á tilfellum hefur sést undanfarna þrjá mánuði. Einstaklingar í aldurshópnum 65 ára og eldri í mestri hættu á alvarlegri sýkingu sem leiðir til innlagnar á sjúkrahús eða gjörgæslu. Faraldur inflúensu er ekki hafinn en vísbendingar eru um aukningu tilfella í sumum löndum. Tilfellum RSV fjölga og í nokkrum löndum spítalainnlögnum vegna RSV hjá börnum yngri en 5 ára.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Notaða grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

